

Aðalfundur foreldrafélags grunnskóladeildar Seyðisfjarðarskóla

Haldinn 16. september 2026 í kaffistofu kennara, Gamla skóla.

Mætt eru Hanna Christel, Erna Rut, Pálína María, Kristinn Már, Elfa Hlín,

Þórunn Hrund, Kristinn Már, Óli Már, Katla Rut, Guðrún Alda, Halla Dröfn og Sigurveig.

Kristinn Már formaður setur fundinn og leggur til að Sigríður Rún verði skipuð fundarstjóri og Sigurveig fundarritari sem fundarmenn samþykkja.

1. Skýrsla störf stjórnar: Kristinn Már les og gerir grein fyrir störfum stjórnar.

Fór yfir hlutverk foreldrafélagsins. Farið yfir verkefni sem unnið var að s.l. skólaár. Vinna við útikennslustofu/fjölskyldulundur- skólaráðsfundir (stiklað á stóru um verkefni og umræðuefni sem þar kom fram) – könnun sem var lögð fyrir foreldra á vegum foreldrafélagsins um stuðning við símabanni í skólanum og var því svo fylgt eftir í haust með algeru símabanni á skólatíma.

1.1 Umræða um skýrslu.

Fjölskyldulundur/útikennslustofa – enn von um að koma upp grindinni af skjólinu við lundinn á árinu áður en vetur yfirtekur.

Rætt um að mætti senda út póst á foreldra og óska eftir að fólk sendi stjórn póst með hugmyndum að fræðslu eða öðrum viðburðum sem fólk hefði áhuga á.

Rætt um möguleika á að fá fyrirtæki til að styðja við verkefnið með t.d. vinnu smíða í 1 dag til að ljúka grindarvinnunni.

2. Ársreikningar Elfa Hlín kynnir reikningana. Mistök urðu við útsendingu félagsgjalda og einungis 14 heimili fengu rukkun fyrir félagsgjöldum en ekki öll heimili. Gjaldkeri leggur til að þau heimili sem greiddu í fyrra félagsgjöld verði ekki rukkuð þetta skólaár til að jafna þetta út í stað þess að fara að bakfæra.

Reikningar samþykktir samhljóða.

3. Félagsgjöld: voru hækkuð í fyrra og er lagt til að þau verði óbreytt 3000 krónur á heimili.

Fundurinn samþykkir einróma.

4. Stjórnarkjör: Sigurveig, Elfa Hlín, Halla Dröfn og Óli Már ganga úr stjórn.

Framboð koma fram á fundi frá Grími, Pálínu Maríu, Ernu Rut og Guðrúnu Öldu. Þá vantar einn til viðbótar í stjórn. Katla Rut leggur fram tillögu að stjórnin sendi í tölvupósti ósk um tillögur að viðburðum og fræðslu og um leið sé óskað eftir framboði foreldris í stjórn. Ef það býður sig enginn fram þá er það í höndum stjórnar að finna einn til viðbótar. Fundurinn samþykkir það með lófaklappi.

5. Önnur mál: Umræður um stöðu mála vegna nýbyggingar skólans sem var boðið út á dögnum en tilboðum var hafnað og því ljóst að bið verður á að framkvæmdir hefjist. Skólastjórnendur eru að leita leiða til að geta boðið uppá heimilisfræðslu með einhverjum hætti í vetur sem var búið að ákveða að gera ekki þar sem ekki átti að vera aðgengi til að nota heimilisfræðistofuna en ljóst að nú er ekki verið að fara í þær breytingar og framkvæmdar eins og búist var við.

Fundi slitið 17.50

